# Álagablettir

Í túni Brimilsvalla eru tvö gömul leiði (dys). Sagnir eru um að þar hafi verið heygðir Brimill ~~og heygður~~ á Brimils-völlum og Máður frá Máðahlíð.
Milli þeirra varð misklíð mikil, er endaði með bardaga og falli beggja.
Það orð leggur á, að ekki megi hrófla við þessum leiðum því þá muni illt af hljóta.
Leiði Máðs er mjög grösugt og því freistandi að ná sér þar í góða tuggu um sláttinn.
Er Ólafur Bjarnason átti heima á Brimilsvöllum, skeði það tvisvar með nokkurra ára millibili að kaupamenn slógu utan í leiðið. Hvort sem það var tilviljun eða ekki þá fótbrotnaði hestur ~~í~~ hvort ~~skipti~~ árið það illa, að lóga varð þeim á stundinni.
Síðan var séð svo um í tíð Ólafs að Máður fékk að hafa ~~eiga~~ sinn legstað í friði.